

**Tillaga lögð fram á fundi bæjarstjórnar Akraness
þriðjudaginn 28. nóvember 2023**

Bæjarstjórn Akraness lýsir yfir sérstakri ánægju sinni með þá athygli og umfjöllun sem knattspyrnan á Akranesi og íbúar á Akranesi hafa fengið í sjónvarpsþáttunum Skaginn og færir þeim sem að þáttunum stóðu bestu þakkir fyrir vel unnið verk.

Bæjarstjórn minnir einnig á bókina Knattspyrnubærinn, sem er 100 ára knattspyrnusaga Akraness og vinnu einstaklinga við gerð vefsins Á sigurslóð. Er þeim sem að þeim verkefnum stóðu færðar bestu þakkir.

Árangur knattspyrnufólks ÍA á liðnum áratugum er landsmönnum öllum kunnur og hefur orðspor þeirra og Akraness náð langt úr fyrir landsteinana. Íbúar bæjarins hafa notið ómælds ávinnings, gleði og stolts af góðu gengi þeirrar íþróttar- og alþýðumenningar sem í knattspyrnunni er fólgin. Undir merki ÍA hefur knattspyrnan verið einn af lykilþáttum ímyndar og orðspors Akraness, en á bak við þá ímynd og það orðspor liggur þrolaus vinna og metnaður iðkenda og sjálfboðaliða. Það er Akranesi mikilvægt að viðhalda þeirri arfleifð og sögu sem felst í árangri íþróttafólks á Akranesi, en ekki er síður mikilvægt að skapa þá aðstöðu, sem lagt getur grundvöll til framtíðar að árangri, glæstri íþróttasögu og sterkri ímynd Akraness sem íþróttabæjar.

F.h. bæjarstjórnar Akraness,

Guðmundur Ingþór Guðjónsson

